

kvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Frank Snær Lúðvígsson sæti 20 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Hafþór Sævarsson sæti 20 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Upptæk er gerð í ríkissjóð haglabýssa af gerðinni Unazu 18023, kalíber 12, eign ákærða Lúðvígs Fjölnis Lúðvígssonar.

Ákærðu Lúðvíg Fjöltnir og Frank Snær Lúðvígsson greiði „in solidum“ skipuðum verjanda sínum Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni málsvarnarlaun, kr. 9.000,-. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu allir „in solidum“.

Fimmtudaginn 5. júní 1986.

Nr. 61/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hjálvari Baldurssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1985 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 19. mars sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans. Hefur ákærði gerst brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og þar sem líkamsárásin var sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar sem ákærði beitti ber að ákveða refsingu samkvæmt 2. mgr. greinarnnar. Þykir refsingin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði, en frá henni dragist gæsluvarðhaldsvist svo sem í héraðsdómi greinir.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í ákæru.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjálmar Baldursson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 63 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlau laun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Við teljum ekki sannað, að ákærði hafi að fyrra bragði ráðist að Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur. Í framburðum ákærða, sem eru að vísu nokkuð reikulir, er því haldið fram, að María Sigrún Jónína hafi að fyrra bragði ráðist að honum með hnífi eða otað að honum hnífi. Stendur staðhæfing gegn staðhæfingu um upptök átakanna. Við teljum framburði vitnanna Ágústis Hjartar Ingþórs-sonar og Guðlaugar Harðardóttur ekki taka af þann vafa sem um upptök átakanna er. Meiðsli ákærða voru afdrifaríkar en meiðsli Maríu Sigrúnar Jónínu.

Við teljum því ekki skilyrði til þess að dæma ákærða fyrirvara- laust fyrir vísvitandi líkamsárás samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við teljum líkamsáverka þá sem María

Sigrún Jónína Óladóttir hlaut, og sem eru þess eðlis að 218. gr. almennra hegningarlaga á við um þá, hafa hlotist í átökum milli hennar og ákærða, en ósannað sé um upptök átakanna. Beri því um refsingu að beita ákvæðum 1. málslíðar 3. málsgreinar 218. gr. a. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt þessu teljum við refsingu ákærða hæfilega ákveðna 6 mánaða fangelsi, en til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist eins og greinir í héraðsdómi. Vegna sáttargerðar 8. janúar 1985 ber að hafa hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar.

Við föllumst á sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms, og erum sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar um áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. desember 1985.

Ár 1985, föstudaginn 6. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 680/1985: Ákærvaldið gegn Hjálmari Baldurssyni, sem dómtekið var 29. nóvember sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara á hendur Hjálmari Baldurssyni rafvirkja, Bjarkargötu 8, Reykjavík, fæddum 2. nóvember 1939 í Reykjavík, „fyrir að hafa, mánudaginn 14. maí 1984, ráðist að eigin konu sinni, Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur, á heimili þeirra að Bjarkargötu 8, Reykjavík, vopnaður brauðhníf með 17,5 cm löngu hnífsblaði og lagt þrásinnis til Maríu Sigrúnar með hnífnum, m.a. í utanvert hægra brjóst þar sem hnífsblaðið gekk 16-18 cm veg í líkama hennar utan rifja að aftari brún holhandar, auk þess sem ákærði olli henni stungusári með hnífnum í hægri upphandlegg og skurðum og rispum á átta öðrum stöðum á líkamnum.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu Baldvins Einarssonar lögregluþjóns var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík kl. 12.15, mánudaginn 14. maí 1984, að maður hefði ráðist með hnífi á konu í húsinu nr. 8 við Bjarkargötu hér í borginni. Þegar lögreglumenn komu þar hittu þeir fyrir Ágúst Hjört Ingþórsson, fæddan 22. ágúst 1961, sem býr í kjallara hússins. Kvað hann manninn

vera enn í íbúð á fyrstu hæð hússins. Lögreglumennirnir fundu mann liggjandi á svefnherbergisgólfi og virtist hann vera rænulitill. Reyndist það vera ákærði í máli þessu. Var hann með tvö stungusár á kviði. Inni á baðherbegi var eiginkona mannsins, María Sigrún Jónína Óladóttir, fædd 27. júlí 1942. Hafði hún læst að sér. Á henni voru stungusár á hægri upphandlegg og hæggra brjósti.

Var maðurinn handjárnaður og fluttur í sjúkrahúsið á slysadeild Borgarspítalans en konan flutt þangað í lögrelubifreið.

Við leit í íbúðinni fannst hnífur undir barnarúmi í svefnherbergi þar sem ákærði lá.

Vitnið María Jónína Sigrún Óladóttir hefur skýrt frá því að þau ákærði væru að skilja eftir 8½ árs hjónaband. Hefði sambúð þeirra frá upphafi verið stíð. Ákærði hefði verið drykkfelldur, neytt lyfja í óhófi og hefði vitnið mátt þola hótanir og kúgun í hjónabandinu. Síðasta miðvikudagskvöld hefði henni tekist að ná húslyklunum af ákærða og meina honum aðgang að íbúðinni á Bjarkargötu 8. Upp frá því hefði hann ónáðað hana með símhringingum og með því að koma þar á glugga og á föstudagsmorguninn hefði hann komið og barið utan húsið. Síðan þá hefði hún fengið næturgistingu í Kvennaathvarfinu við Hverfisgötu, en verið með annan fótinn á Bjarkargötu 8, en þar væri einnig blindraheimili sem hún starfaði við. Hún greindi einnig frá því að ákærði hefði að undanförmu haft á sér gætur, hafst við í bifreið fyrir utan húsið og jafnvel fylgst með sér um miðbæinn. Einnig hefði hann haldið áfram að ónáða sig með símhringingum.

Vitnið kveðst hafa farið til starfa í körfu- og burstagerð Blindravinafélagsins í Ingólfsstræti mánudagsmorguninn 14. maí. Um hádegis tíma hafi hún fengið far í bifreið með Guðlaugu Harðardóttur vestur á Bjarkargötu. Þangað hafi þær komið um kl. 12.05. Bifreið ákærða hafi þá staðið við húsið. Hún kveðst hafa lokið upp aðaldyrnunum sem verið hafi læstar, farið inn í íbúðina og svipast um eftir ákærða en ekki orðið hans vör fyrr en hún var komin inn á innri gang við salerni og svefnherbergi. Ákærði hefði skyndilega komið út úr herberginu og ráðist á sig með hníf á lofti. Hann hafi vírst viti sínu fjær, höggvið til sín í sífellu með hnífnum og hrópað: „Ég skal drepa þig, nú skal ég ganga frá þér í eitt skipti fyrir öll.“ Þegar ákærði hafi komið lagi á hægri handlegg vitnisins kveðst hún hafa hrasað inn á baðherbergið og fallið þar á gólfið. Vitnið kveðst hafa reynt að verjast ákærða eftir mætti og reynt að hlífa andliti sínu og brjósti fyrir hnífslögunum. Auk þess hefði hún hrópað upp og kallað á hjálp. Ákærði hefði veitt henni dýpstu stunguna í brjóstið meðan hún lá á gólfinu, en þá hefði hún getað sparkað í magann á honum. Í þessari andrá varð vitnið vör við að maður úr kjallaranum kom á vettvang og reis ákærði þá upp og virtist

vitninu hann stinga sig tvisvar í kviðinn með hnifnum og fara fram á ganginn. Vitnið beið þá ekki boðanna og lokaði sig inni á salerninu. Hefði hún ekki árátt að opna fyrr en hún varð vör við að lögreglumenn voru komnir inn í íbúðina.

Vitnið hefur unnið eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Ágúst Hjörtur Ingþórsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið staddur á heimili sínu í kjallaraíbúð á Bjarkargötu 8 á hádegi mánudaginn 14. maí 1984 þegar hann sá Maríu Sigrúnu Jónínu og Guðlaugu Harðardóttur koma að húsinu ásamt öldruðum manni og blindum, Sölva að nafni. Skömmu seinna, í hæsta lagi 5 mínútum síðar, heyrði hann óp frá hæðinni fyrir ofan. Vitnið kveðst hafa hlaupið upp stigann og þá heyrt að María Sigrún Jónína kallaði á hjálp. Vitnið sparkaði upp hurðinni og sá hann konuna í baðherbergisdyrunum og ákærða á ganginum hjá henni með brugðinn hníf á lofti. Ákærði hefði strax snúið sér að vitninu og hefði konan þá komist inn í baðherbergið og læst að sér. Ákærði hefði snúið að vitninu og gengið eitt eða tvö skref í áttina að því. Ákærði sagði við vitnið: „Ég er líka búinn að stinga mig.“

Vitnið hefur skýrt frá því, að ákærði hefði virst fullur örvæntingar og vonleysis þarna á ganginum.

Vitnið staðfesti skýrslu sína með drengskaparheiti.

Vitnið Guðlaug Harðardóttir starfar hjá Blindravinafélagi Íslands. Hún hefur greint frá því að umræddan mánudag hafi hún ekið Maríu Sigrúnu Jónínu og blindum manni, Sölva Sigurdssyni, úr Ingólfsstræti að Bjarkargötu 8 skömmu eftir kl. 12. Þegar þangað var komið sáu þær bifreið ákærða standa fyrir utan húsið. Vitnið kveður Maríu hafa farið inn um aðaldyr hússins, en sjálf kveðst hún hafa farið upp tröppur og inn um dyrnar á norðurhlíð hússins með Sölva. Þegar þau Sölvi voru komin inn í anddyrið heyrði vitnið Maríu kalla á hjálp innan úr íbúðinni og rétt á eftir að brotist var inn í íbúðina hjá Maríu. Strax á eftir því kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja við einhvern að sá skyldi bara kalla á lögreglu. Ágúst Hjörtur Ingþórsson hefði síðan komið inn í anddyrið að utan og sagt þeim að forða sér því ákærði væri óður með hníf inni í íbúðinni. Vitnið kveðst þá hafa farið út með Sölva, farið niður að Hljómskálagarði með hann og ungt barn í vagni sem Ágúst Hjörtur ætti og hefði beðið hana fyrir.

Ákærði var fluttur á slysadeild Borgarspítalans, eins og áður segir og voru meiðsli hans könnuð þar og gert að þeim. Jafnframt var honum tekið blóð til alkóhólranssóknar. Við þá rannsókn fannst ekki alkóhól í blóði hans. Að þessu loknu kl. 19.30, var ákærði færður í fangelsið í Síðumúla.

Í skýrslu hjá RLR þriðjudaginn 15. maí 1984, daginn eftir atburði máls þessa, skýrði ákærði frá því að hann hefði farið inn um eldhúsglugga á íbúðinni að Bjarkargötu 8 um tvö- eða þrjúleytið aðfaranótt mánudagsins.

Ákærði kveðst hafa vitað að María var ekki heima og hann hafi aðeins verið að leita sér að svefnstað. Hann hafi sofnað stuttan dúr þarna inni og þegar hann vaknaði hafi hann leitað að bankabókum sem hann taldi sig eiga þarna, en þegar hann fann þær ekki kveðst hann hafa tekið hnif í eldhúsinu og skorið yfirhafnir Mariu sem hingu í fatahengi á gangi í íbúðinni. Hann hafi svo lagt frá sér hnifinn á kommóðu á ganginum við baðherbergið og lagst til svefns aftur. Um hádegisbilið hafi hann rekist á Mariu við baðherbergið og hún hafi þá öskrað á hann stóryrðum og næst fann hann fyrir hnífslagi í kviðinn. Hann hafi þá hrint henni inn á baðherbergið og tekið hnifinn og otað að henni. Ákærði kvaðst þá ekki muna hvort hann hefði stungið hana. María hefði tekið að öskra ákaft og hefði hann þá rankað við sér, lagt frá sér hnifinn og ætlað að hjálpa Mariu á fætur. Í þeirri andrá kveðst hann hafa fengið aðra stungu í kviðinn og um leið varð ákærði var við manninn úr kjallaranum. Ákærði kveðst þá hafa gengið inn í svefnherbergið og tekið þar hnifinn úr sárinu og fleygt honum frá sér.

Ákærði kom síðar þennan dag fyrir sakadóm Reykjavíkur í Síðumúlafangelsinu og skýrði frá atvikum mjög á sama veg. Ákærði mótmælti frásoðgn Mariu Sigrúnar Jónínu um að hann hefði sjálfur veitt sér áverka með hnífnum og frásoðgn Ágústs Hjartar, að ákærði hefði sagst hafa stungið sig.

Seint um kvöldið var ákærði fluttur í skyndi á Borgarspítalann. Við komu hans þangað reyndist hann hafa sótthita og miklar þrautir í kvið sem var uppþembdur. Var hann skorinn upp um nóttina. Í vottorði Þórarins Guðnasonar lækni, 24. júní 1984, segir m.a. um þetta: „Í ljós kom að gat var á mjóginu, væntanlega eftir hnífstungu (til þess benti sjúkrasagan og áverki á kviðvegg sem líktist stungusári), og hafði allmikið þarmainnihald runnið út í kviðarholið og valdið lífhimnubólgu. Garnasárinu var lokað og vökvinn úr kviðarholinu hreinsaður burt eftir föngum. Að vonum var sjúklingurinn, þrátt fyrir mikla lyfjagjöf, í lífshættu fyrstu sólarhringana eftir aðgerð, en síðan fór hann að hressast hægt og hægt. Í júníbyrjun '84 fór að bera á einkennum frá gallblöðru (vafalaust eftirstöðvar slyssins) sem ágerðust svo að óhjákvæmilegt var að skera hann upp að nýju þ. 6. júní.“

„Hjálmar útskrifaðist af deildinni 2. júlí, en lagðist þar aftur inn 22. júlí til gallblöðrutöku, sem ekki var hægt að framkvæma 6. júní vegna ástands sjúklingsins þá.“

Í skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 9. júlí 1984 skýrði ákærði frá því að vikurnar fyrir atburði málsins hefðu þau María Sigrún Jónína verið að slíta samvistir. Hann hafi á þessum tíma sótt skemmtistaði um helgar og komið þaðan ölvaður heim.

Nokkrum dögum fyrir atburðina hefði kona hans náð húslyklunum af honum og meinað honum aðgang að heimili þeirra. Upp frá því hefði hann

orðið að sofa ýmist á vinnustað sínum eða í bifreið sinni á næturnar.

Aðfaranótt mánudagsins hefði hann brotist inn um eldhúsgluggann á íbúð þeirra til þess að leita að bankabókum sínum. Hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis. Hann hafi ekki fundið bækurnar og þá lagst til svefns og sofið í u.þ.b. klukkustund. Ákærði kveðst hafa verið reiður yfir því að hafa ekki fundið bækurnar og þegar hann hafi vaknað hafi hann tekið hníf í eldhúsinu og ráðist með honum á flikur konu sinnar í fatahengi í forstofunni og stungið í þær. Að því loknu lagði hann frá sér hnífinn, líklegast á kommóðu á ganginum framan við baðherbergið. Að svo búnu kvaðst hann hafa lagst til svefns á ný.

Ákærði kveðst hafa vaknað við hurðarskelli. Þegar hann hafði áttað sig stóð kona hans í herbergisdyrunum, þar sem hann svaf. Hann hafi risið á fætur og ávarpað hana, en hún hafi hopað, öskrað á sig og otað að sér hnífi og hafi ákærði þá hörfað en fengið á sig hnífstungu, smávægilega þó. Ákærði kveðst þá hafa ráðist á konuna og náð af henni hnífnum og öskrað á hana af reiði. Konan hafi þá farið inn á baðherbergið, þar sem hún féll á gólfíð milli baðkarsins og salernisskálarinnar. Kveðst ákærði þá hafa lagst yfir hana, otað að henni hnífnum í bræði og stungið hana með hnífnum. Ekki kvaðst ákærði muna hve oft hann hefði stungið konuna. Ákærði kvaðst hafa áttað sig á því hvað hann var að gera þegar hann heyrði Mariu Sigrúnu Jónínu hrópa upp.

Ákærði greindi frá því að skyndilega hefði hún stungið hnífnum á kaf í ákærða. Hann hefði staulast fram og inn í svefnherbergi og hefði hnífurinn staðið í sárinu. Hann hefði þá orðið var við íbúann í kjallaranum inni í íbúðinni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir orðaskiptum með þeim, en kvaðst hafa fallið á gólfíð þegar hann kom inn í herbergið og hefði hnífurinn líklega gengið lengra inn við það. Hann hefði náð að draga út hnífinn þar sem hann lá á gólfinu.

Við yfirheyrslu hjá RLR daginn eftir var gengið á ákærða vegna ósamræmis í skýrslum hans og vitna. Frásögn hans var í megin atríðum óbreytt. Hann skýrði auk þess frá því að ekki hefði vakað fyrir sér að vinna Mariu Sigrúnu Jónínu mein, heldur aðeins að hræða hana. Hann kvaðst þá muna að þau María hafi verið bæði inni á baðherberginu þegar hann varð var við Ágúst Hjört í íbúðinni. Hann kvaðst telja hugsanlegt að hann hefði þá verið búinn að taka hnífinn úr sárinu og að hann hefði síðan dottið á hann þegar hann kom inn í svefnherbergið.

Við meðferð málsins hér í dóminum hefur ákærði greint frá því að hann hafi fyrst orðið var við eiginkonu sína þar sem hún stóð í svefnherbergisdyrunum með tsku eða handklæði á handleggnum og undir því kveðst ákærði hafa séð hníf. Hann kveðst hafa reynt að ná hnífnum af konunni. Í átökunum, sem við það urðu, hafi konan hrökklast inn á salerni, fallið

á gólfið og ákærði þá náð af henni hnífnum en hún hrópaði eitthvað upp. Ákærði kveðst hafa lagt hnífinn frá sér á salernið og ætlað að hjálpa konunni á fætur en í þeirri andrá hafi hann fundið fyrir hnífsstungu í kvið sér, en ekki kvaðst ákærði vita hvernig það vildi til.

Ákærði kannaðist við að hafa sagt við manninn úr kjallaranum að hann hefði stungið sig sjálfur, enda þótt hann hefði ekki veitt sér áverka. Ákærði taldi að eiginkona hans hefði getað fengið áverkana í átökum þeirra um hnífinn og það væri rangt að hann hefði ráðist á konuna og lagt til hennar margsinnis með hnífnum, og væru fyrri viðurkenningar hans um það rangar. Ákærði kvað fyrri skýrslur sínar vera óglöggar og óáreiðanlegar vegna veikindanna sem hlutust af sárnum. Þá hélt ákærði því fram að vitni málsins væru undir áhrifum konu sinnar og skýrslur þeirra bæru þess merki.

Samkvæmt vottorði Ríkhards Sigfússonar lækni, dagsettu 15. maí 1984, var komið með Maríu Sigrúnu Jónínu Óladóttur á slyshadeild Borgarspítalans kl. 12.25 mánudaginn 14. maí. Var hún þá með fulla meðvitund og vel áttuð. Var hún blóðug á hægri brjósti og hægri upphandlegg. Um skoðun á henni segir í vottorðinu:

„Sjúklingur er stöðugur í lífsmörkum. Blóðþr. 120/70, púls 80/mín. Við lungnahlustun er jöfn öndun í báðum lungum. Við skoðun á sárum hennar kemur í ljós að utanvert í hægri brjósti er 1½ cm lóðréttur skurður. Virðist þessi skurður djúpur þar sem hægt er að fylgja blæðingu aftur að aftari brún holhandar eða u.þ.b. 16-18 cm veg. Eymсли eru á öllu þessu svæði. Þá er rúmlega 1 cm skurður framanvert og utanvert á miðjum upphandlegg hægri megin, sem virðist grunnur. Það er eðlileg hreyfing og skyn í hægri griplim. Auk þess eru marblettir aftantil á báðum upphandleggjum. Þá sjást húðrispur, eins og eftir hnífsodd víða á bók:

1. Milli beggja brjósta.
2. Rispa 3 cm vinstra megin við nafla.
3. Rispa í línu aftur að stungusári á hægri brjósti í miðri holhönd.
4. Lítil rispa framan á miðjum baugfingri.
5. Lítil rispa ofan á vinstra baugfingri.
6. Lítil rispa framan á vinstra litla fingri.
7. Ein rispa framan til á miðju læri ofanverðu.
8. Tvær rispur eða stungusár neðan við vinstra brjóst.

Einnig sést klór neðan við vinstra herðablað ca. 4-5 cm langt.

Rtg.mynd var tekin af lungum og sáust engin merki um loft eða vökva milli lungnavefs og brjóstveggjar.“

Á spítalanum var gert að stungusárunum tveimur og fékk konan að fara heim að því loknu.

Rannsóknarlögreglan tók til rannsóknar jakka, skyrtu og brjóstahöld

sem María Sigrún Jónína var í þegar hún hlaut áverkana. Samkvæmt skýrslu Sævars Þ. Jóhannessonar lögreglufulltrúa 16. maí 1984 voru þrjú stungugöt á jakkanum:

1. Neðan við hægra brjóst og mældist það 11 mm.
2. Á hægri ermi fyrir ofan olnboga 8 mm.
3. Lóðrétt stungugat, 8 cm fyrir ofan vinstri jakkavasa, 16 mm.

Samkvæmt skýrslunni fundust þrjú stungugöt á skyrtnni:

1. Á hægra brjósti, 20 mm.
2. Á hægri ermi ofan við olnboga, 10 mm.
3. Á vinstri síðu, 8 mm.

Þá var 12 mm stungugat á hægra brjóstahaldi.

Ennfremur fundust stungugöt á þremur yfirhöfnum Maríu Sigrúnar Jónínu, sem voru í fatahengi í íbúðinni.

Samkvæmt annarri skýrslu lögreglufulltrúans, 27. júlí 1984, fundust tvö stungugöt framan á skyrtu ákærða:

1. Hið efra, 12 cm neðan við hægri brjóstvasa, 12 mm.
2. Hið neðra, einnig 12 mm, 18 cm fyrir neðan hægri brjóstvasa og 11 cm frá miðju skyrtunnar.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók til rannsóknar hnífinn, sem fannst í íbúðinni. Á hnífblaði fannst blóð og storknað efni. Hnífurinn, sem er oddhvass og beittur flökunarhnífur með tréskafti af venjulegri gerð, ómerktur, var mældur og ljósmyndaður. Bláðið var bogið og mældist það 17,5 cm að lengd, breiðast 3 cm við skepti, en að mestu 1,5 cm á breidd. Allur mældist hnífurinn vera 30,5 cm á lengd.

Niðurstaða.

Vitnið María Sigrún Jónína Óladóttir hefur borið, að ákærði hafi umsvifalaust ráðist á hana þegar hún kom inn á innri gang íbúðarinnar og lagt til hennar margsinis með hnífnum. Nýtur framburður hennar stuðnings af vætti þeirra Ágústs Hjartar Ingþórssonar og Guðlaugar Harðardóttur, áverkavottorði Ríkarðs Sigfússonar læknis og því sem rannsókn sakargagna hefur leitt í ljós.

Ákærði hefur borið hjá lögreglu að María Sigrún Jónína hafi í upphafi veist að honum með hnífnum og stungið hann fyrst líttillega og síðan á hol í kviðinn inni á badherbergi og við það hafi hann orðið hamslaus, náð hnífnum og stungið hana. Við meðferð málsins hér fyrir dómi hefur ákærði að miklu leyti horfið frá fyrri framburði sínum. Skýrslur ákærða um það hvernig hann hlaut kviðáverkana eru í ósamræmi við annað, sem komið er fram í málinu og á það er að líta að framburður ákærða hefur að ýmsu leyti verið ótrúverðugur og óstöðugur. Verður að hafna frásögn hans um þetta og byggja á vætti konunnar um átökin og upphaf þeirra.

Telja verður því sannað að ákærði hafi ráðist að fyrra bragði með hnífi á Maríu Sigrúnu Jónínu og lagt með honum til hennar. Áverkarnir á henni og stungugötin á fatnaði hennar sýna óumdeilanlega að ákærði lagði a.m.k. þrisvar sinnum til hennar af afli með hnífnum. Verður að telja, að tilviljun ein hafi ráðið því að ekki hlaust bani eða stórfellt líkams- og heilsutjón af árás ákærða.

Enda þótt telja verði að ákærði hafi borið heiftarhug til Maríu Sigrúnar Jónínu frá því um morguninn, þegar hann stakk hnífnum í fatnað hennar í fatahenginu og sennilegt sé að hann hafi frá upphafi bedið hennar með hnífinn vísan, verður því ekki slegið föstu að fyrir honum hafi vakað að vinna henni mein með hnífnum fyrr en þau hittust á innri gangi íbúðarinnar.

Áverkarnir, sem ákærði olli, heimfærast undir 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og árás ákærða, sem telja verður mjög hættulega, varðar hann refsingu samkvæmt 2. mgr. þeirrar greinar.

Ásgeir Karlsson geðlæknir framkvæmdi geðrannsókn á ákærða í þágu málsins í júní 1984. Í niðurstöðu hans segir orðrétt:

„Hjálmar Baldursson er hvorki haldinn greindarskerðingu né geðveiki. Hann er hins vegar haldinn persónuleikatrufun (personality disorder). Hjálmar Baldursson er ennfremur haldinn alcoholisma (alcoholi dependence syndrome) á allháu stigi. Mikil og nær stöðug drykkja undanfarin tíu ár hefur orðið þess valdandi að persónuleikatrufun hans kemur skýrar í ljós, svo sem tilhneiging til einangrunar, tortryggni og léleg tilfinningastjórn, sem veldur honum erfiðleikum í nánnum samskiptum. Einnig verður að telja að viðloðandi kvíða- og þunglyndiskennd megi að mestu leyti rekja til drykkju Hjálmars. Telja verður einnig að Hjálmar sé háður svefnlyfi (drug dependence) og samtinnast það áfengisnotkun hans.

Hjálmar Baldursson telst engu að síður fyllilega sakhæfur.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða er sakaferill hans þessi:

— — —
[Sakavottorð tilgreinir fimm dómsáttir, hina síðustu 8. janúar 1985 (9000 króna sekt fyrir umferðarlagabrot).]

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. maí til 18. júlí 1984 komi til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000 og réttargæslu- og máls-

varnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Engin bótakrafa hefur borist í málið.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hjálmar Baldursson, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. maí 1984 til 18. júlí 1984, að fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipuðum verjanda, Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 30.000.

Föstudaginn 6. júní 1986.

Nr. 160/1984. **Elínborg Kjartansdóttir**
vegna einkafirma síns
Videoheimsins

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Laugarásbíói og Háskólabíói

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Lögbann. Höfundaréttur. Myndbandssnælda. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1984. Krefst hann þess að lögbannsgerð frá 21. desember 1982 verði felld úr gildi og áfrýjandi sýknaður af öllum kröfum stefndu í málinu, og að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 18.946,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 21. desember 1982 til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim